

**Ed.**

**770. Framvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burt orðin: »Unaós og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu«, en í staðinn komi: Borgarfjarðar (austur), um Sandskörð, Loðmundarfjarðar. Enn fremur í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist þessi orð:

Þó skal landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskýstæði í Reykjavík, þótt ekki hafi hún nægan kraft til sambands við útlönd.